

3. gr.

62. gr. reglugerðarinnar hljóðar svo:

Ársreikningur Seðlabanka Íslands skal endurskoðaður og áritaður af Ríkisendurskoðun og skoðunarmanni sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Skoðunarmaður skal hafa löggildingu sem endurskoðandi.

Að lokinni endurskoðun og áritun ársreiknings Seðlabanka Íslands skal ráðherra og bankaráði send endurskoðunarskýrsla.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í lögum nr. 36 5. maí 1986 um Seðlabanka Íslands, öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytinu, 23. september 1999.

Finnur Ingólfsson.

Þorgeir Örlygsson.

27. september 1999

Nr. 641

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 11/1999 um breytingar á auglýsingu ríkisskattstjóra nr. 2/1999, sbr. nr. 7/1999 og nr. 9/1999, um skattmat í staðgreiðslu á árinu 1999.

Frá og með 1. október 1999 breytist skattmat á fjárhæðum ökutækjastyrkja sem launaður fær greiddar vegna ferða í þágu launagreiðanda og halda má utan staðgreiðslu. Frá sama tíma breytast fjárhæðir dagpeninga til greiðslu gisti- og fæðiskostnaðar innanlands.

Fjárhæðirnar verða sem hér segir:

1. Ökutækjastyrkir.

Eftirfarandi breytingar verði á fjárhæðum í kafla 3.2. í auglýsingunni um mat á ökutækjastyrk innan viðmiðunarmarka, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 591/1987 um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu:

a) *Almennt gjald:*

Fyrir:	1 - 10.000 km	verður	kr. 41,65
	10.001 - 20.000 km	verður	kr. 37,50
	> 20.001 km	verður	kr. 33,30

b) *Sérstakt gjald.*

Sérstakt gjald verður 15% hærra en almennt gjald samkvæmt a) eða sem hér greinir:

Fyrir:	1 - 10.000 km	kr. 47,90
	10.001 - 20.000 km	kr. 43,13
	> 20.001 km	kr. 38,30

c) *Torfærugjald.*

Torfærugjald verður 45% hærra en almennt gjald samkvæmt a) eða sem hér greinir:

Fyrir:	1 - 10.000 km	kr. 60,40
	10.001 - 20.000 km	kr. 54,38
	> 20.001 km	kr. 48,29

2. Dagpeningar innanlands.

Eftirfarandi breytingar verði á fjárhæðum í kafla 4.3. í auglýsingunni:

Gisting og fæði í einn sólarhring	verði	kr. 8.500
Gisting í eina nótt	verði	4.500

Auglýsing þessi er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, og 116. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Gildir hún við staðgreiðslu frá og með 1. október 1999.

Reykjavík, 27. september 1999.

Indriði H. Þorláksson.

Nr. 642

REIKNINGUR

Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1998.

Rekstrarreikningur.**Fjármunatekjur:**

	kr.
Vaxtatekjur, verðbætur og gengismunur af útlánum	372.033.571
Aðrar vaxtatekjur	17.617.008
Lántökugjald	15.189.000
Fjármunatekjur alls:	<u>404.839.579</u>

Fjármagnsgjöld:

Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur af langtímalánum	64.194.826
Önnur vaxtagjöld	12.829
Lántökugjöld	2.466.279
Fjármagnsgjöld alls:	<u>66.673.934</u>
Fjármunatekjur - fjármagnsgjöld án verðbreytingafærslu	338.165.645
Reiknuð gjöld v/verðbreytinga	-67.115.365
Hreinar fjármunatekjur:	<u>271.050.280</u>

Aðrar tekjur:

Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	29.655.029
Aðrar tekjur alls:	<u>29.655.029</u>

Rekstrargjöld:

Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði	15.300.000
Sérkostnaður Lánasjóðs	4.247.721
Afskrifaðir varanlegir rekstrarfjármunir	1.014.713
Rekstrargjöld alls:	<u>20.562.434</u>

Tekjuafgangur ársins:	<u>280.142.875</u>
-----------------------------	--------------------